

Mættir: Guðrún G Halldórsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Fjóla B. Svavarsdóttir, Margrét Ármann, Hákon Davíð Halldórsson foreldrafulltrúi, Magnús Kristinsson grenndarfulltrúi, Emma Dís Benediktsdóttir nemendafulltrúi, Nói Pétur Á. Guðnason nemendafulltrúi og Solveig Gísladóttir sem ritar fundargerð.

-Skóladagatal 2021-2022. Guðrún sýnir uppkast að dagatalinu. Skólasetning verður 24. ágúst 2021 og skólaslit 3 júní 2022. Skipulagsdagar í október og janúar eru samræmdir milli skóla í Smára-, Linda- og Salahverfi.

-Innra mat skólaársins 2019-2020. Fjóla kynnir matsskýrslu. Nýir fulltrúar í matsteyminu fyrir skólaárið 2020-2021 eru Margrét Ármann aðstoðarskólastjóri, Sveindís Ólafsdóttir umsjónarkennari á yngsta stigi, Elísa Björnsdóttir nemendafulltrúi 10.ÞS og Emma Ýr Guðmundsdóttir nemendafulltrúi 10.ÞS.

Nemendakönnun í Skólapúlsinum. Skólinn kemur vel út úr matinu. Mat skólans byggist á ýmsum mælitækjum m.a. samræmdum prófum, lesfimiþrófum og Skólapúls-könnunum.

Að mati nemenda eru styrkleikar - ánægja af náttúrufræði og sjálfsálit í námi

Að mati nemenda eru veikleikar - virkni í tímum og tíðni leiðsagnarmats.

Einstaklingsviðtöl eru nú í boði fyrir nemendur á unglíngastigi og eru þau til viðbótar við foreldra-og nemendaviðtöl.

Samkvæmt könnun hefur tíðni eineltis lækkað en þó eru 13 nemendur sem segjast hafa orðið fyrir einelti. Alltaf er unnið að því að lækka þessar tölur, þetta er inni í öllum umbótaáætlunum.

Nemendur virðast ekki hafa nógu mikla ánægju af lestri. Þegar þeir eru spurðir um ástæðu nefna þeir skort á lesefni, kennarar telja frekar að þá vanti úthald og nennu.

Starfsmannakönnun í Skólapúlsinum.

Að mati starfsmanna eru styrkleikar skýrleiki hlutverks, jákvæðar áskoranir í starfi, leikni í starfi, skuldbing við vinnustaðinn, stuðningur við nýsköpun, stuðningur frá næsta yfirmanni, valdeflandi forsendur, ræktun mannauðs, góð þátttaka í starfsmannaviðtölum, námsmat annað en próf.

Að mati starfsmanna eru veikleikar – skortur á stuðningi við kennara með nemendur m/námsörðugleika.

-Niðurstaða samræmdra prófa. Guðrún rennir yfir þetta, Lindaskóli er yfirleitt á landsmeðaltali eða fyrir ofan það. Núi nefnir að misræmi sé á milli þess hvernig nemendur meti getu sína í könnunum og þess hvernig t.d. samræmdu prófin koma út. Það þyrfti kannski að vinna í að efla trú nemenda á eigin getu.